


ORF Líftækni hf
Einar Mäntylä
Víkurbær 3
203 Kópavogur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 19. apríl 2011
Tilvísun: UST20100900044/áb

Eftirlitsskýrslur - viðbótareftirlit með útiræktun erfðabreytts byggs að Gunnarsholti

Meðfylgjandi eru lokaútgáfur tveggja eftirlitsskýrsla, vegna viðbótareftirlits með útiræktun erfðabreytts byggs að Gunnarsholti þann 23. september og 22. október 2010.

Virðingarfyllst

Ásgeir Björnsson
Sérfræðingur

Bjarni Pálsson
Deildarstjóri



UMHVERFISSTOFNUN

ORF Líftækni hf.

Eftirlitsskýrsla vegna ræktunar erðabreytts byggs
í Gunnarsholti september 2010

Ásgeir Björnsson

23. september 2010

Skýrslan er gerð eftir að farið var í eftirlit í Gunnarsholt þann 23. september 2010.

Ræktun erfðabreytts byggs í Gunnarsholti

Fyrirtæki	ORF Líftækni hf	Starfsemi	Erfðabreyttar lifverur
Kennitala	420201-3540	Ísat nr.	
Heimilisfang	Víkurhvarf 3, 203 Kópavogur	Umfang	Ræktun á erfðabreyttu byggi
Dagsetning	23. september 2010	Tegund eftirlits	Viðbótaeftirlit
Fulltrúi UST	Ásgeir Björnsson	Starfsleyfi rennur út	2013
Fulltrúi fyrirtækis	Reynir Þorsteinsson		

Viðstaddir

Ásgeir Björnsson frá Umhverfisstofnun og Reynir Þorsteinsson frá Landgræðslu ríkisins, tengiliður ORF Líftækni við verkefnið í Gunnarsholti

Inngangur og framkvæmd

Þann 23. september 2010 fór eftirlitsaðili Umhverfisstofnunar í eftirlitsferð á ræktunarsvæði ORF Líftækni hf. á erfðabreyttu byggi í Gunnarsholti. Til aðstoðar var Reynir Þorsteinsson, starfsmaður Landgræðslu ríkisins, tengiliður ORF Líftækni hf. vegna ræktunar í Gunnarsholti. Meginástæða ferðarinnar var að kanna fuglavarnirnar og hvort þær væru að virka, og þá skömmu fyrir dagsetningu uppskeru. Það er auð rás í skjólakri, sem er vegna þess að það láðist að sá í þann hluta akursins (Mynd 1). Við eftirlit þann 11. ágúst sl. var farið fram á að þessi rás fengi fuglavarnarlínu, ásamt því að þéttni línanna væri tvöfaldaður yfir erfðabreyttan hluta akursins. Bæði atriðin höfðu verið uppfyllt innan gefins tímafrests (Mynd 1 og 2). Mynd 3 sýnir þroskastig kornsins.

Gengið var í kringum erfðabreytta hluta akursins og myndir teknar, ásamt því að athugað var hvort einhver dýr væru á svæðinu eða ummerki, og þá sérstaklega eftir fugla (Mynd 1-6). Engin dýr eða fuglar sáust eða ummerki eftir hugsanlega beit þeirra.


Fram kom að akurinn hafi verið undir daglegu eftirliti, aðallega til að sporna við hugsanlegum skemmdarverkum af manna völdum. Girðing í nálægu beitarhólfi hafði einnig verið yfirfarin og lagfærð. Sú girðing ásamt rafmagnsgirðingu um akurinn voru því báðar í góðu lagi.

Athugasemdir

Engar.

Niðurstaða


Niðurstaðan var sú að akurinn er varinn með fuglavarnarlínum eins og Umhverfisstofnun hafði lagt til í við eftirlit þann 11. ágúst sl. Ekki var vart við dýr eða fugla á akrinum, né ummerki eftir hugsanlega beit þeirra. Fuglavarnarlínumar virðast því virka sem varnir gegn ágangi fugla.




Mynd 1. Aðkoma að akrinum, þar sem auð rás hefur verið varin með fuglavarnarlínu. Ör vísar á staðsetningu nærhorns akursins, þar sem langhlið 1 liggur samhliða auðu rásinni, og hornrétt á hana skammhlið 1.




Mynd 2. Nærhorn akurs við aðkomu, mynd tekin eftir skammhlið 1.




Mynd 3. Nærmynd sem sýnir þroskastig byggsins.



Mynd 4. Mynd tekin eftir langhlið 2, frá horni þar sem sést í fætur manns á mynd 2.



Mynd 5. Mynd tekin eftir skammhlið 2, í átt að langhlið 1.



Mynd 6. Mynd tekin eftir langhlið 1 í átt að horni akursins við aðkomu á mynd 2.

Reykjavík, 20. apríl 2011

Ásgeir Björnsson

Ásgeir Björnsson